

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> BN	<b>Fundur nr. :</b>	
<b>Fundarritari:</b> MI	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Brynjar Níelsson (BN) Ólafur Sigmarsson (ÓS) Hrannar Erlingsson (HE) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Matthías Imsland (MI) Gunnar Björn Helgason (GH)	<b>Dagsetning:</b>	18.6. 2025
	<b>Frá kl.:</b>	18:00
	<b>Til kl.:</b>	19:00
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b>	Ákveðið síðar

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Samstarfssamningur við Rapyd.</u> Rapyd hefur ákveðið að segja upp samningi við BSÍ en það er 6 mánaða uppsagnarfrestur. Þakkar stjórn Rapyd fyrir gott samstarf og þann stuðning sem fyrirtækið hefur veitt. En nú hefst leit að nýjum samstarfsapila.
3	<u>Norðurlandamót á Laugarvatni</u> Rekstrarlega gekk mótið betur en áætlun og er réttu megin við 0 miðið við eðlilegt framlag vegna íslensku spilarana. Mikil ánægja var með framkvæmd hjá erlendu spikurunum og tókst mótið framúrskarandi vel í allri framkvæmd. Árangur íslensku liðanna var dapur og sérstaklega í opnum flokki. Rætt um hvað hægt er að gera til að bæta stöðu.
4	<u>Stjórnarfundur Norræna Sambandsins</u> Margt áhugavert sem kom fram. En það verður ákveðið að halda áfram að efla norrænt samstarf. Staða Bridgesambanda er mjög mismunandi en verkefnin að millu leyti áþekkk. Rætt um mikinn landsliðskostnað en flest Samböndin eru að draga úr stuðningi við afreksstarf. Kom fram umræða að öll norðurlöndin myndu sameinast um Matthias Imsland sem stjórnarmann í EBU.
5	<u>Lyftan</u> Rætt um viðhald á lyftinu en fyrirhugaðar eru viðgerðir yfir 2 milljónir. Nú lyfta mun kosta í kringum 10 milljónir og væri hlutur BSI tæplega 50% í þeirri framkvæmd.
6	<u>Reksturinn</u> Reksturinn gengur vel og er heldur betri en áætlun. Cashlow staða er mjög góð. Það er þó mjög mikilvægt að finna fleiri styrktaraðila til að efla stoðir undir rekstrinum.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<p data-bbox="336 259 560 293"><u>Starfið framundan</u></p> <p data-bbox="336 304 1062 338">Ágætis þátttaka er í bikarkeppninni þó aðeins verri en í fyrra.</p> <p data-bbox="336 349 735 383">Sumarbridge fer mjög vel af stað.</p> <p data-bbox="336 394 1334 472">Það er mikilvægt að fara að fá inn íslensku skráningarnar á Bridgehátíð til að styrkja stoðir undir markaðskynningar úti.</p>
8	<p data-bbox="336 495 464 528"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 539 791 573">Ekkert mál kom fram undir önnur mál.</p>